

**Ed.**

**154. Frumvarp til laga**

[114. mál]

um Atvinnumálastofnun, fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Einar Ágústsson, Björn Fr. Björnsson,  
Ásgeir Bjarnason, Steingrímur Hermannsson, Páll Þorsteinsson.

**1. gr.**

Setja skal á fót Atvinnumálastofnun á vegum ríkisins, og lýtur hún sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

**2. gr.**

Hlutverk Atvinnumálastofnunarinnar er:

1. Að semja áætlanir til langs tíma um þróun atvinnuveganna og marka stefnu í atvinnumálum þjóðarinnar.
2. Að hafa forgöngu um gerð framkvæmdaáætlana á sviði atvinnulífsins, þ. á m. um atvinnuuppbyggingu einstakra landshluta, á meðan gerð landshlutaáætlana er ekki falin samtökum sveitarfélaga.
3. Að beita sér fyrir ráðstöfunum til að auka atvinnuöryggi í öllum byggð-arlögum landsins.
4. Að hafa á hendi heildarstjórn fjárfestingar- og gjaldeyrismála og þá einkum með því að setja um þau almennar reglur.

**3. gr.**

Atvinnumálastofnunin skal í starfi sínu hafa sem nánasta samvinnu við stéttarsamtök launþega og atvinnurekenda. Í því skyni ber henni að boða til funda eða ráðstefna með fulltrúum stéttarsamtakanna og sérfræðingum um vandamál einstakra atvinnugreina. Einnig skal stofnunin hafa samstarf við sveitarstjórnir um atvinnumál í umdæmum þeirra.

4. gr.

Framkvæmdaáætlanir samkv. 2. gr. skal afhenda ríkisstjórninni, sem leggur þær fyrir Alþingi til staðfestingar ásamt áætlunum um ríkisframkvæmdir.

Ríkisstjórnin gefur Alþingi öðru hverju skýrslu um framkvæmd slíkra áætlana.

5. gr.

Forsætisráðherra skipar stjórn Atvinnumálastofnunarinnar til tveggja ára í senn samkvæmt tilnefningu sem hér segir: Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Landssamband íslenzkra útvegsmanna og Stéttarsamband bænda tilnefna einn mann hvert. Félag íslenzkra iðnrekenda og Samband íslenzkra samvinnufélaga tilnefna sameiginlega einn mann. Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands tilnefna sameiginlega einn mann. Formaður skal sá skipaður, sem bankarnir tilnefna.

6. gr.

Heimilt er stjórn Atvinnumálastofnunarinnar að semja við starfandi ríkisstofnun um að annast skýrslu- og áætlanagerð og afgreiðslu mála fyrir Atvinnumálastofnunina, eftir nánari ákvörðun stjórnarinnar.

7. gr.

Með ákvörðunum Atvinnumálastofnunarinnar í fjárfestingar- og gjaldeyris- málum skal stefnt að hagræðingu fjárfestingar og gjaldeyrisnotkunar í landinu, og skulu þær við það miðaðar, að sú fjárfesting og sú gjaldeyrisnotkun sitji í fyrirrúmi, sem nauðsynlegust er og einkum aðkallandi á hverjum tíma, og þá m. a. sú fjárfesting, sem Alþingi ákveður í fjárlögum. Skal þá sérstaklega haft í huga, að með þessum ákvörðunum sé stuðlað að framleiðslu- og atvinnuaukningu, framleiðni og jafnvægi milli landshluta.

8. gr.

Atvinnumálastofnunin hefur vald til að koma í veg fyrir þá fjárfestingu og þá gjaldeyrisnotkun, sem samrýmist ekki ákvæðum 7. gr. að dómi stofnunarinnar. Ef brýna nauðsyn ber til, er Atvinnumálastofnuninni heimilt að banna tiltekna tegund fjárfestingar eða gjaldeyrisnotkunar um tiltekinn tíma.

9. gr.

Gjaldeyrisráðstöfun og fjárfesting, sem fer í bága við fyrirmæli Atvinnumálastofnunarinnar eða reglur, sem hún setur um þau efni, er óheimil og telst brot á lögum þessum.

10. gr.

Atvinnumálastofnunin birtir greinargerð um ráðstöfun þess fjármagns, sem varið er til fjárfestingar ár hvert.

11. gr.

Nefndarmenn skulu fá þóknun fyrir störf sín samkv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar, sem greiðist af ríkisstofnun þeirri, er samið verður við skv. 8. gr., en kostnaður við framkvæmd laga þessara endurgreiðist stofnuninni úr ríkissjóði eftir samkomulagi við ríkisstjórnina.

12. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga skulu sett með reglugerð.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 500 þús. kr., og gera skal upp- tækan til ríkissjóðs gróða af lögbroti hverju sinni.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Í frumvarpi þessu um Atvinnumálastofnun, fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun er lagt til, að komið verði upp opinberri forustu í atvinnumálum af hálfu þjóðfélagsins í samstarfi við leiðandi menn á sviði atvinnulífsins og að Atvinnumálastofnuninni eða stjórn hennar verði jafnframt falin heildarstjórn fjárfestingar- og gjaldeyris mála með það fyrir augum, að stefnt verði að sem mestri hagræðingu fjármagns- og gjaldeyrisnotkunar í landinu.

Til þess er ætlað, að Atvinnumálastofnunin semji áætlanir til langs tíma um þróun atvinnuveganna, marki stefnu í atvinnumálum þjóðarinnar og hafi jafnframt forgöngu um gerð framkvæmdaáætlana í atvinnumálum. Er gert ráð fyrir, að hún beiti sér fyrir því, að haldnir verði fundir eða ráðstefnur og að þangað verði boðaðir fulltrúar stéttarsamtaka atvinnuvega og launþega, sérfræðingar, sveitarstjórnir eða fulltrúar þeirra o. s. frv. Kveðið er á um það, að áætlanir Atvinnumálastofnunarinnar um atvinnumál verði afhentar ríkisstjórninni og að hún leggi þær síðan ásamt framkvæmdaáætlunum ríkisins fyrir Alþingi til staðfestingar, enda gefi ríkisstjórnin Alþingi öðru hverju skýrslu um framkvæmd slíkra áætlana.

Nú þegar útflutningur hefur minnkað á ný, verð útflutningsvara lækkað og þjóðartekjur dregið saman, kemur það glögggt fram og vekur margan til umhugsunar, að ekki hefur verið farið búmannlega með efni þjóðarinnar á undanförunum árum. Stjórnendur landsins og ráðunautar þeirra hafa ekki gefið þann gaum er skyldi að séreinkennum íslensks atvinnulífs, en í stað þess miðað aðgerðir sínar við efnahagsástand háþróaðra iðnaðarþjóðfélaga og litið á þá tekjuaukningu sem hagvöxt, er í rauninni byggðist á hagstæðri sveiflu sjávarafllans, sem er í eðli sínu svipull. Hinum dýrmæta erlenda gjaldeyri, sem þjóðinni áskotnaðist á nokkrum veltiárum, hefur verið sóað, til þess að hér mætti heita frelsi í innflutningsverzlun og utanríkisviðskiptum af ýmsu tagi. Og skort hefur umsjón með því, að þær framkvæmdir, sem þjóðinni er mest þörf á, sitji fyrir fjármagni og vinnuafli. Fjárfestingin hefur verið stjórnlaus. Þess vegna hefur mikið verið framkvæmt, sem að skaðlausu hefði mátt dragast, en hins vegar skort fjármagn og vinnuafli til ýmissa bráðnauðsynlegra framkvæmda.

Í meðalárferði og þegar þröngt er í þjóðarbúi, verður stjórnleysi í gjaldeyris málum og fjárfestingarmálum tilfínanlegra en svo, að við það verði unað. Í meira en 40 ár, eftir að þjóðin varð fullvalda, var líka lengst af talið nauðsynlegt, að þjóðfélagið hefði heildarstjórn á þessum málum að meira eða minna leyti, og fóru þó ýmsir stjórnmalaflokkar með völd á því tímabili. Þá byggði þjóðin líka stundum mikið upp af litlum eignum og við erfiðar kringumstæður og lagði undirstöður, sem að haldi komu síðar.

Nú er því haldið fram af ýmsum, að ekki þurfi að takmarka gjaldeyrisnotkun, því að þeim muni fækka, sem hafi efni á að kaupa erlendan gjaldeyri, þegar búið er að tvöfalda verð hans á einu ári, og að getuleysi margra í fjármálum mun reynast hemill á fjárfestinguna. Þar með er ekki sagt, að gjaldeyrinum og fjármagninu verði réttilega skipt og á þann hátt, sem nauðsyn býður. Það er vafasöm stefna að hafa skortinn fyrir skömmunarstjóra í staðinn fyrir skynsemina.

Með þessu frv. er stefnt að því, að komið verði á heildarstjórn gjaldeyris mála með hliðsjón af gjaldeyrisöflun og þörfum framleiðsluatvinnuveganna og gerðar ráðstafanir til að minnka vöruinnflutning og gjaldeyrisnotkun yfirleitt með þeim aðferðum, sem bezt samrýmast almenningshagsmunum. Jafnframt er að því stefnt, að tekin verði upp skipuleg stjórn fjárfestingarmála undir forustu ríkisvaldsins í samstarfi við fulltrúa atvinnulífsins og að um meiri háttar framkvæmdir fari eftir fyrirframgerðri áætlun, þar sem verkefnum sé raðað og þau látin ganga fyrir, sem þýðingarmest eru. Til greina kemur að hanna tiltekna tegundir fjárfestingar um tiltekinn tíma, t. d. 1—2 ár, eins og sumar þjóðir hafa gert, og einnig að koma með öllu í veg fyrir innflutning sumra vara.

Gert er ráð fyrir, að starfandi ríkisstofnun á sviði efnahagsmála, sem hefur sérfróðu og þjálfuðu starfslíði á að skipa, annist framkvæmd þeirrar hagræðingar á fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun, sem frv. fjallar um, en að sjálf heildarstjórnin verði í höndum Atvinnumálastofnunarinnar og að sú ríkisstofnun, sem samið verði við, leggi henni þau gögn í hendur, sem hún þarf á að halda og óskar eftir.

Eðlilegt má telja, að það sé í einstökum atriðum að verulegu leyti á valdi Atvinnumálastofnunarinnar sjálfrar, með hvaða aðferðum hún framkvæmir það hlutverk, sem henni er falið. Gert er ráð fyrir því, að hún, a. m. k. fyrst um sinn, beiti valdi sínu einkum til útgáfu á almennum reglum og fyrirmælum, sem gjaldeyrisbankar og aðrar lánastofnanir svo og aðrir aðilar, sem hlut eiga að máli, fari eftir, enda veitir frv., ef að lögum verður, þeim allmikið aðhald í því efni. En í frv. felast heimildir til frekari ráðstafana til hagræðingar á þessu sviði, ef Atvinnumálastofnunin telur þeirra þörf.

Varðandi skipan stjórnar Atvinnumálastofnunarinnar samkv. 5. gr. er að sjálf-sögðu nokkur vandi á höndum, og koma þar fleiri aðferðir til greina en sú, sem hér er gert ráð fyrir. En samkv. þessu frv. yrði nefndin skipuð fulltrúum atvinnuvega, launþegasamtaka og gjaldeyrisbankanna, en ekki pólitísk nefnd kosin af Alþingi eða skipuð af ríkisstjórn.